

## Pípulagningameistarar snöggir að svara kallinu – Fjölmargir til starfa í Grindavík



Félag pípulagningameistara sendi út hjálparbeiðni til félagsmanna sinna sem voru afar snöggir til svara. Í fyrsta holti voru um 30-40 félagsmenn tilbúnir til að fara til Grindavíkur. Erindið í fyrstu ferðinni var aðallega að kanna ástand lagnakerfa, koma hita á þar sem þess þurfti og framkvæma almennt eftirlit og frostverja. Fyllstu varúðar er gætt og er ekki farið inn í hús sem eru á skilgreindu hættusvæði. Í desember 2023 og það sem af er janúar 2024 hafa félagsmenn FP farið í margar ferðir til eftirlits, lagfæringa, viðgerða og frostvarna. Lætur nærri að farið hafi verið í um 700 hús og ekki allt búið enn. Í ljósi reynslunnar er notast við öflugar fallvarnir við vinnuna. Menn eru alltaf tveir og tveir saman, auk þess að vera í fylgd með sérhæfðum björgunarsveitarmönnum. Meðfylgjandi myndir sýna undirbúning í aðgerðarstöð og myndin til hliðar er af röð vinnubíla pípulagningameistara á leið inn í Grindavík.

*Sjá nánari umfjöllun í pistli formanns FP á bls. 2,3 & 4.*

## Hugljúf saga frá Grindavík...

Það er ekki að spyrja að því þegar við Íslendingar lendum í hremmingum af völdum óblíðrar náttúrunnar; allir eru boðnir og búnir að veita aðstoð og vilja rétta fram hjálparhönd.

Hér er lítil hugljúf saga frá Grindavík:

Húsið hennar Klöru Bjarnadóttur. Hún var búin að afhenda lykla að því til viðkomandi aðila. Það er eitt af þeim húsum sem meistari í Félagi pípulagningameistara fékk sem verkefni og lagði leið sína í. Eftir að hafa yfirfarið alla hluti semkvæmt gátlista, þá hringdi hann til að láta vita hvernig ástandið hefði verið og hvað hefði þurft að gera. Svona rétt í lokin þá mefni hann að þeir hefðu líka vökvað blómin, full þörf heði verið á því. Þetta er sannur náungakærleikur.



**Glæsilegur Jólafundur Félags pípulagningameistara 2023 á Nauthóli**  
– Sjá bls. 2,3 & 4






**INNRETTINGAR  
& TÆKI**

PULSANTE DEVIATORE  
PUDIVERTER BUTTON



APERTURA CHIUSURA FLUSSO  
ÖPNING CLOSING FLOW

REGOLAZIONE  
TEMPERATURA  
temperature regulation



Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Ítölsk gæði  
sem endast



## Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

**DUNDERDON**

Nú fást **Snickers** vinnuföt í

Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • HagI ehf HILTI

# Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara. Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.  
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.





# Félag pípulagningameistara með glæsilegan Jólafund 2023 á Nauthóli

Kæru félagsmenn

Fyrir hönd Félags pípulagningameistara býð ég ykkur hjartanlega velkomna á jólafund FP.

Undirritaður fór til Brussel í nóvember inn á sjálft Evrópuþingið ásamt systrasamtökum okkar GCP Europe þar sem við fengum áheym þingmanna ásamt fyrirlesturum um hin ýmsu mál meðal annars er snúa að gervigreind framtíðarinnar og má með sanni segja að gervigreindin mun að öllum líkindum ekki ógna störfum pípara.

GCP Europe eru samtök þar sem fagfélög pípara í Evrópu koma saman til að fjalla um málefni fagsins og sameiginlega snertifeti. GCP Europe hefur síðan góð tengsl og tengiliði við Evrópuþingið.

Áhyggjur Evrópusambandsins eru skortur á iðnmenntuðu fólki. Ungt fólk er ekki að skila sér í iðnnám og öll gröf sýna fram á að árið 2030 muni vanta um og yfir 3 milljónir iðnmenntaðra einstaklinga.

Á málstofu GCP Europe var undirritaður spurður að því hvað við á Íslandi værum að gera varðandi þennan málaflökk þar sem svo mikil aðsókn er í iðnnám á Íslandi.

Undirritaður taldi það vera fyrst og fremst vegna þess að fagið er lögverndað og sá sem hyggur á að mennta sig í pípulögnum á Íslandi mun eignast starfsöryggi þar sem fagið hefur með almannahagsmunum að gera og að það má ekki hver sem er vinna við fagið nema að viðkomandi hafi öðlast réttindi.

Evrópusambandið fór í mikla vegferð fyrir nokkrum árum við að fella niður allar hindranir og leyfa öllum sem vilja vinna við hvaða iðnaðarstarf sem er án réttinda. Allt var þetta undir nafni “atvinnufrelsis” frelsi einstaklingsins að fá að vinna við hvað sem er og ekki vera með þessar „hindranir“.

Ég taldi þetta vera aðal ástæðuna fyrir því að ungt fólk velur ekki iðnnám í Evrópu. Til að auka áhuga ungs fólks á iðnnámi þarf á ný að koma á kröfum um réttindi.

Eftir að undirritaður hafði lokið máli sínu mátti heyrja saumnál detta! Allur fundurinn var sammála um að þetta væri vandamálið, boltinn væri hjá þeim.

Komið hefur fram að Evrópusambandið ætlar að fjárfesta töluverðum upphæðum við að efla áhuga ungs fólks á iðnnámi á ný og talað er um hetjurnar í þeim efnum.

Undirritaður er því svo sem sammála að iðnmenntað fólk eru hetjur sem halda samfélögum gangandi, en til að ungt fólk velji iðnnám þarf Evrópa að beita sér fyrir því að lögvernda á ný iðngreinarnar, eins og Þjóðverjar eru núna að gera í kappi við tímann.

## PISTILL

Böðvar Ingi Guðbjartsson,  
formaður  
Félags  
pípulagningameistara



Við fengum kynningu á þessu árið 2020 þegar reglugerð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kynnti vinnu síns starfshóps um þessi málefni þar sem skýrsla OECD kom út þar sem tillögur OECD voru þess eðlis að afnema ætti lögverndun iðngreina. Slíkt myndi hafa mikinn sparnað í för með sér og vera mikið gæfuspor að fella niður óæskilegar hindranir! (Ég spyr „Hvað er þetta fólk að reykja?“)

Spurningin sem FP þarf síðan að svara er „Á FP að vera í erlendu samstarfi með öðrum systrafélögum eins og t.d. GCP Europe? Og ef svarið er já hver er þá ávinningurinn að slíku samstarfi fyrir FP?“

Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var í Borgarnesi B59 15. apríl hefur ný stjórn FP verið að vinna í allskonar málum fyrir félagsmenn ásamt bandamönnum okkar í SI. Málefni sem ratað hafa inn á stjórnarfundum eru margskonar enda ekki nema von þar sem FP er og hefur alltaf verið öflugt og virkt félag.

Félagsmönnum er annat sitt félag enda ertu hér í dag af því að þér er annat um FP og berð hag þess þér fyrir brjósti.

**Frá stjórnarfundum má meðal annars nefna:**

**Kærumálin.** Þar sem FP er að passa upp á hagsmuni FP með því að klukka þá sem eru að starfa án réttinda í okkar fagi. Aðallega er verið að kanna með fyrirtæki sem eru í atvinnurekstri í okkar iðngrein án meistara í forsvari fyrir fyrirtækið.

**Kjaranefnd FP** er byrjuð að vinna með Vinnumarkaðssviði SA varðandi komandi kjarasamninga og er von okkar í FP að það verði hægt að semja um meira



DÆLUR Í FREMSTA  
GÆDAFLOKKI



GRUNDFOS



GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAÐ ER TENGI

www.tengi.is



Kópavogi 414 1000 | Akureyri 414 1050 | Selfossi 4141040





en lækku kílómétra- og verkfæragjalds. Kjaranefnd mun halda okkur upplýstum og síðan verða kjarasamningar bornir upp til kosninga þegar nær dregur. Reynt var að fá fund með Veitum en það hefur ekki tekist þar sem eitthvað hefur verið um starfsmannaveltu er snýr að hver eigi að vera í forsvari fyrir málaflökkinn er snýr að okkur. Við munum halda áfram að reyna og vonandi næst fundur með Veitum um þau mál er snúa að okkur fljótlega á nýju ári. Fjallað hefur verið um og bent á gjaldfellingu Meistaraskólans. Það er gaman að segja frá því að löksins hefur þetta mál náð í gegn að einhverju leyti þar sem Meistaraskólinn ætlar að fara yfir fyrirkomulag prófa og boða nemendur í próf í staðinn fyrir að hafa þau opin á netinu. Þetta er framför þar sem mikið hefur borið á því að nemendur fá aðra aðila til að gera skólann fyrir sig gegn þóknun. Við höfum verið að benda á vankanta rafrænu Ferlibókarinnar. Ferlibókin átti að tryggja að nemendur fengju fjölbreytilega starfsþjálfun en ekki vera stytting á námstímanum. Mörg dæmi eru um að nemendur skrá hæfni náð í öllu eftir 1 mánuð í vinnu og meistarinn samþykkir án þess að gefa því nokkra athygli. Þetta mál verður tekið fyrir hjá MSI fljótlega. Meistarar eru ekki að fara að fyrirmælum ferlibókar eins og lög gera ráð fyrir. Vissulega eru sumir sem sinna þessu af heilum hug. Við verðum að passa upp á að gjaldfella ekki fagið okkar. Ábyrgðin er ykkar kær meistarar. Hugmyndir eru um að vera með auglýsingasölu á heimasíðunni og fá birgjana til að auglýsa hjá okkur gegn gjaldi. Filmís ætlar að koma með nokkrar tillögur í þeim efnun.

Sögu og minjanefnd hefur verið virkjuð vegna sögu félagsins. FP verður 100 ára 2028. Búið er að stofna ritnefnd sem í sitja undirritaður, Kári Samúelsson, Hilmar Hjartarson, Þorgeir Kristófersson og Guðjón Smári Valgeirsson ritstjóri Fréttapíps. Leit stendur yfir að höfundi að Sögu félagsins. Sagnfræðingurinn Sigurður Guðjónsson hefur sýnt málefni áhuga og mun funda með ritnefndinni um miðjan janúar á næsta ári. Mikilvægt er að ná í sögunar hjá þeim sem ennþá eru á meðal okkar.

Birgjar fá rými í bókinni þar sem saga þeirra er stór partur af okkar sögu. Kaffibrúskvöldið sem haldið var miðvikudagskvöldið 27. september þar sem rúmlega 10 manns mættu og var mat manna að vel hefði tekist til. Stjórn FP hefur tekið ákvörðun um að endurtaka kaffibrúskvöldið og hafa þau reglulega. Endurskoðun Byggingarreglugerðarinnar SI hefur tilnefnt Snæbjörn Reyni Rafnsson í starfshóp sem kemur að endurskoðun Byggingarreglugerðarinnar. Leitað var til Ægis Eyberg Helgasonar um að hann ásamt Birni Ágústi Björnsyni myndi ásamt Snæbirmi samstarfsveitvang þar sem þeir geti rætt nánar þau mál sem eru undir hverju sinni. Hátæknihöpur Haldinn hefur verið stofnfundur svokallaðs Hátæknihöps innan mannvirkjasviðs þar sem fulltrúar FP, FBE, og

SART eiga sæti. Auk þess verður fenginn að borðinu fulltrúi frá FRV til að ræða útboðsgögn og úrbætur sem þarf að vinna í þeim málum.

Þann 9. nóvember leituðu Almannaþingir til Samtaka iðnaðarins vegna neyðarástands sem þá hafði verið lýst yfir í Grindavík. Kannað var hvort SI gæti sett saman hópa pípara og rafvirkja sem gætu komið að björgun húseigna frá yfirvofandi skemmdum á lagnakerfum. Sviðsstjóri Mannvirkjasviðs SI setti sig í samband við formenn FP og SART sem þá voru staddir í erlendis ásamt viðskiptastjóra. Vel var tekið í þessa umleitan og SI kom þeim skilaboðum til almannaþinganna að ef þörf yrði á aðstoð þá væru atvinnurekendur í þessum iðngreinum reiðubúnir að koma að þessu máli.

Félagsmenn FP létu sig ekki vanta í aðstoð við að koma hita á hús í Grindavík. Farið var til Grindavíkur 23. nóvember, 40 píparar, og komu hita á 80 hús, hið minnsta. Almannaþingir tóku skýrt fram hvað þeir væru þakklátir fyrir framlag FP og orðlausir yfir því að hægt var að útvega alla þessa pípara!

**Framfarasjóður Samtaka iðnaðarins** Stjórn FP hefur ákveðið að senda inn umsókn í framfarasjóðinn um stuðning við gerð apps sem halda mun utan um tilkynningarskyld verk í gæðakerfi félagsmanna. SI munu aðstoða okkur við þá umsókn.

**Staða kærumála** SI hafa ráðið lögmann til að verða við beiðni stjórnar FP um að opin mál verði sett í forgang og fyrirtækin kærð vegna meintra brota á iðnlöggjöfni. Stjórn FP ákvað að mál fyrirtækja sem svarað hafa fyrirspurn SI og gefið upp nafn á meistara sem veiti starfsemi forstöðu verði meðhöndluð sem leppun og brugðist við þeim í samræmi við það. **Það er að segja kæra viðkomandi meistara fyrir leppun.**

Varðandi Klúbb 44 sem er í skiptameðferð hjá Ríkisskattstjóra. Undirritaður hafði samband við RSK og þar var okkur tjáð að við gætum bjargað Klúbb 44 frá skiptameðferð. Haft var samband við þann sem fyrst vakti máls á þessu til að kanna hvort viðkomandi vildi verða skráður fyrir Klúbbi 44. Ekki var áhugi fyrir því og stjórn FP sá enga ástæðu til að gera meira í málinu þar sem ekki er áhugi fyrir slíku.

**Að lokum:** Reynslutími innan SI og SA. Núna er liðið á seinni hlutann og eftir næsta aðalfund sem verður laugardaginn 20. apríl 2024 munu félagsmenn kjósa um áframhaldið. Þá eru liðin tvö ár frá því við gengum til liðs við SI og SA. Ég er svo stoltur af félagsmönnum fyrir að gefa þessu tækifæri þar sem við ætlum að svara sameiginlega/lýðræðislega hvort við eigum samleið með SI.

**Kæru félagsmenn:**  
**SAMSTAÐA – HAGSMUNIR – SÝNILEIKI** var niðurstaða stefnumótunar FP. Höldum þessum gildum á lofti.



# Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
 NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF  
 TÖLVUNÁMSKEIÐ  
 TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
 BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ  
 BÍLGREINASVIÐ  
 MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ  
 MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
 PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI  
 UPPLÝSINGAR  
 Á IDAN.IS



**IDAN**  
 fræðslusetur  
 www.idan.is





## Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra: Opnar Pípulagninga- deild Borgarholtsskóla

„Þetta er fyrsta skrefið. Ég segi skref því inn í þessum áformum er að stækka Borgarholts-skóla. Við ætlum að hanna og greina það á næsta ári hvernig sú viðbygging á að vera og nota árið 2025 til að framkvæma,“ sagði Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráð- herra, m.a. við vígslu nýrrar pípulagningadeildar Borgarholtsskóla við Bæjarflöt í Grafarvogi. Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri í pípulögnum, hafði veg og vanda að því að gera aðstöðuna klára á nokkrum mánuðum. Ásmundur sagði deildina minna lítið á hefð-bundna kennslustofu; enda sérhæft húsnæði fyrir sérhæfða kennslu sem þarna færi fram. „Það er ánægjulegt að sjá þetta fara af stað. Ég vil sjá eflingu starfsnáms og vil mæta hinni auknu eftirspurn með aðgerðum,“ sagði ráðherra. „Hér er sérhæft aðstaða. Þetta er ekki venjuleg kennslustofa. Við verðum að geta mætt því fjárhagslega – ekki bara að byggja heldur líka eiga fjármagn til að mennta nemendur og sjá til þess að skólinn fái það fjármagn sem hann þarf til þess,“ sagði ráðherra.



Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, tók einnig til máls og sagði að þau 30 ár sem hann hefði starfað innan skólakerfisins hefði hann barist lengi fyrir því að hugað sé að kennsluhúsnæðinu, því allt of oft hefðu Íslendingar sett list-, verk- og starfsnám í húsnæði sem hannað væri til bóknáms. „Birgjar og atvinnulífið hafa tekið okkur opnum örmum og styrkt skólann með miklum velvilja. Það skiptir öllu máli,“ sagði Ársæll en atvinnulífið hefur stutt vel við bakið á pípulagningadeildinni í formi gjafa (sjá umfjöllun á bls. 13 í blaðinu). Ásmundur fékk að spreyta sig á pípulögnum og klippti svo loks á „pípulagningabörða“ með Framsóknargrænum klippum og vígði nýja deild skólans undir dynjandi lófataki gesta. Hann bætti við að hann væri sérstaklega ánægður með litinn á klippunum.



## Allt fyrir pípulagnirnar

Lagnadeild Fagmannaverslunar Húsasmíðjunnar

Hafðu samband við Stefán Jan varðandi ráðgjöf og tilboð.

Stefán Jan  
Sölustjóri lagnaverslunar  
stefanjan@husa.is - Sími: 664 3666





## TRAUSTAR BRUNNDÆLUR FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ



U3KS



MultiDrain



MultiFree



**Set | Rör | Dælur | Tengistykki**

Við tökum vel á móti þér að Klettagörðum 21  
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is

Staðnám

## Lífsferilsgreiningar í byggingariðnaði – LCA

**Bygginga- og mannvirkjagreinar:** Þetta námskeið er fyrir iðnaðar- og tæknifólk sem kemur að efnisvali bygginga og mannvirkja. Markmið er að kynna þátttakendur fyrir lífsferilsgreiningum bygginga og hugmyndafræði þeirra, hvernig þær eru gerðar og hvernig má lágmarka kolefnisspor framkvæmda.

Lífsferilsgreiningar eða LCA (Life Cycle Assessment) eru að koma sterkt inn í byggingariðnaðinn og er það í tengslum við sjálfbærniþynginguna sem er að eiga sér stað. Með LCA er hægt að taka heildstæðar ákvarðanir um efnisval og því lágmarka kolefnisspor og skaðleg áhrif á umhverfið. Umhverfisstjórnir hafa sett auknar kröfur á hönnun bygginga hvað varðar gæði og sjálfbærni, þar eru sem dæmi kröfur í bæði BREEAM og Svansvottun sem tengjast lífsferilsgreiningum.

Farið verður yfir:

- Grunnatriði sjálfbærni í byggingariðnaði – Hvað er LCA?
- Hringrásarhagkerfið – Umhverfisstjórnir – BREEAM
- Svanurinn – EPD yfirlýsingar
- LCA verkefni sem unnið verður í OneClick LCA

Námskeiðið er verklegt að hluta til svo æskilegt er að þátttakendur taki með sér fartölvu. Einnig er hægt að fá lánaða tölvu á kennslustað. Nánari upplýsingar um undirbúning verða sendar þátttakendum.

Dags.: Miðvikud. 21. febrúar 2024 - kl. 13:00-18:00.  
IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, www.idan.is.

## Umhverfissvænn frostlögur fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfissvænt
- Léttir dælingu

**FERNOX**  
LÆTUR VATNIÐ VINNA



Hringás


Heildsöludreifing  
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330  
www.hringas.is





## Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar með girnilegt morgunverðarhlaðborð á föstudögum

Morgunkaffi pípara er skemmtileg og kærkomin hefð í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjarlövögi 12-14. Þar koma fagmenn í pípulögnum saman klukkan 7:30 á föstudagsmorgnum og gera sér dagamun með ljúffengum rúnnstykki, brauði og gómsætu áleggi, ásamt ýmiskonar bakkelsi. Svo er drukkið með úrvalskaffi og gosdrykkir. Vitalega fylgir þessu öllu saman svo skemmtilegt skraf og spekúlingar, bæði faglegar og ófaglegar. Ljósmyndari Fréttapíps kíkta við og smelli nokkrum kaffigestum á pixla, sem hér fylgja með.




**BOSCH**  
Invented for life

**BLÁR BOSCH FÆST  
I FAGVERSLUN  
BYKO SELHELLU** **BYKO**  
LEIGA

[www.byko.is/leiga](http://www.byko.is/leiga)

**MD VÉLAR EHF**  
ÞENSLUTENGI - GÚMMÍ - STÁL - VEFUR - FYRIR SPRINKLERKERFI



MD VÉLAR EHF | VAGNHÖFÐA 12 | 110 REYKJAVÍK | S. 567 2800 | MDVELAR@MDVELAR.IS | WWW.MDVELAR.IS





**Kári Hilmarsson** vélvirkja- & pípulagningameistari  
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi  
GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com



**Miðstöðin** Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar  
Sími 481 1475  
midstodin@midstodin.is



**Gaudi pípu ehf**

Skipasundi 1 - 104 Reykjavík  
GSM 821 5789 - gauqipari@gmail.com



**Lagnabræður ehf.**  
Blikaási 5 - 221 Hafnarfirði  
GSM 663 7200  
postur@lagnabraedur.is

**Lagnabræður ehf**



**Svavar Örn Halldórsson**  
PÍPULAGNINGAMEISTARI  
GSM 698 2247  
vidhaldslagnir@gmail.com



**HS pípulagnir ehf.**  
Smiðjuvegur 4  
200 Kópavogi  
GSM 894 0088  
hspip@hive.is



**Húsalagnir ehf.**  
Pípulagningaþjónusta  
Gylfahlöt 20 -  
112 Reykjavík  
GSM 893 3632  
husalagnir@simnet.is



Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði  
GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@gmail.com



**Pípulagnir Sigurðar**  
Sólvöllum 6 - 700 Egilsstöðum - siggalagnir@gmail.com  
GSM: 618 4790

**Pípulagnir**

**Elvars G Kristinssonar ehf.**

Jöklafold 2 - 112 Reykjavík  
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is



Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn  
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291  
kromoghvitt@simnet.is



**STOFNLAGNIR**  
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA

**Stofnlagnir ehf.**  
Vefarstræti 42 - 270 Mosfellsbæ  
GSM 660 0499 - wc@islandia.is



**S.O.S.**  
lagnir ehf.

**S.Ó.S. lagnir ehf.**  
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagnir.is  
GSM 693 9000



**Pípulagnir ehf**

pípulagnaþjónusta  
skipaþjónusta

Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870  
Netfang stefanbr@simnet.is



**PÍPULAGNIR**

Fagmennska - Fæmi - Frumkvæði  
srr@iav.is - GSM: 660 6201



Hyrjarhöfði 2 - 112 Reykjavík  
GSM 897 4746 & GSM 896 2908  
landslagnir@landslagnir.is



**GG LAGNIR ehf**  
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA  
stofnað 1988  
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870  
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**  
660 6690

Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is



**AH PÍPULAGNIR**

**AH pípulagnir ehf.**  
- Suðurhrauni 12c  
- 210 Garðabæ  
- Sími 555 7012  
- GSM. 822 7100  
andres@pipulagnir.is



**Presslagnir ehf.**  
Funafold 29 - 112 Reykjavík  
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is



Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari  
Almannakór 6 - 203 Kópavogi  
GSM 856 5525 - hjolli@lagnaafli.is



Mávanesi 13 - 210 Garðabæ  
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com



**vatnsidnadir.net**

Gagnagrunnur - Þekking - Saga

vatnsidnadir@vatnsidnadir.net





**ADALLAGNIR**  
 pípulagningapjónusta  
 ADALLAGNIR ehf. - Sími 519 5757  
 Smiðjuvegi 58 - 200 Kópavogi  
 adallagnir@adallagnir.is  
**GSM 775 5757**



**Villi pípari ehf**  
 GSM: 8240434  
 Örvasölum 24 - 201 Kópavogi - villi@villipipari.is



**Bubbi Pípari ehf.**  
 Lyngbergi 23 - 221 Hafnarfirði  
**GSM 897 7946**  
 bubbipipari@simnet.is

**HITAVIRKNI EHF.**  
 PÍPULAGNINGAPJÓNUSTA  
 hitavirkni@hitavirkni.is  
 690 6192



**PÍPULAGNIR**  
**SUÐURLANDS**  
 Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is  
**GSM 699 1985 & 823 6656**

**RENNSLI ehf.**  
 pípulagnir • sími 696 8054  
 Akralind 1 - 201 Kópavogur  
 GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

**E. VILJAR**  
 PÍPULAGNIR OG GAS  
 Allar almennar gas- og pípulagnir  
 Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki  
 616 9611 | eviljar@eviljar.is | www.eviljar.is

**H2O LAGNIR**  
 Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ  
 GSM 662 3235 - h2olagnir@h2olagnir.is



**GSO**  
 PÍPULAGNIR  
 Dalaland 6 - 108 Reykjavík  
 GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is



**PE PÍPULAGNIR**  
 FRAVEITULAGNIR.IS  
 Einivöllum 5 - 221 Hafnarfirði  
**GSM 869 3441**  
 pepipulagnir@gmail.com



**Pipulagna**  
 VERKTAKAR ehf  
 Miðhrauni 18 - 210 Garðabæ  
 pv.is - pv@pv.is



**861 6688**  
 johannesgylfi@icloud.com  
 Nýlagnir Endurlagnir Viðhald  
 Ástandskönnun Skolpmyndavél Hitamyndavél Stíflulosun



**Fosslagnir ehf.**  
 PÍPULAGNIR  
 Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi  
 GSM 894 1576 - fosslagnir@hotmail.com



**HRINGRÁS**  
 ENDURVINNSLA


**Verðmæti í góðmálmum og brotajárni**  
 Nánar á [www.hringras.is/verdskra](http://www.hringras.is/verdskra)

Verðskrá - Verð pr kg. án VSK/Price per kg. excl. VAT:

Ál (+ Álfelgur) / Aluminum	75-95 kr.
Ál -steypa o <= 2% járn / Aluminum cast	50 kr.
Ál svarf	40 kr.
Ál-kaplar / Aluminum cables	15 kr.
Prent-ál / Aluminum litho	125 kr.
Brotajárn flokkur #1-2 / Scrap metals 1st - 2nd grade	12 kr.
Brotajárn flokkur #3 (T.d. Spilliefnalaus bílflök) / Scrap metals 3rd grade	10 kr.
Blý / Lead	115 kr.
Vatnskassa / Elements	30 kr.
Hjólbarðar / Tires (5 kr. ef við sækjum)	8 kr.
Kaplar / Cables	70 kr.
Hreinn kopar (Millberry) / Millberry copper	560 kr.
Kopar, eir / Copper	510 kr.
Látun, messing, brons / Brass	355 kr.
Rafgeymar / Car batteries	10 kr.
Rafmótorar / Electric motors	55 kr.
Ryðfrítt stál / Stainless steel	110 kr.
Ryðfrítt svarf	40 kr.
Zink / Zinc	80 kr.
Hvarfakútar verð pr stk. / Catalytic converters - en hver kútur er metinn á staðnum.	Allt að 10.000 kr.,

**SKILMÁLAR OG LEIÐ BEININGAR:** Leitið magntilboða. Seek offers for large quantities. \*Verð greitt fyrir efni sem er komið í port Hringrásar. \*Prices for materials delivered at our facilities. Greitt fyrir dekk/brotajárn 100 kg. eða meira. Payments for tires/scrap metals 100 kg. or mpre.

**SP pípulagnir ehf.**  
 Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585  
 sigurdur.pipari@gmail.com



**J.Ó. Lagnir ehf**  
 Smiðjuvegi 11  
 200 Kópavogi  
**GSM: 897 4300**  
 jolagnir@simnet.is



**Vatn og pípur ehf.**  
 Sigurður Úlfar Sigurðsson  
 pípulagningameistari  
 Torfufelli 27 - 111 Reykjavík  
**GSM 788 0044** - vatnoggipur@gmail.com

**Tröllalagnir ehf.**  
 Jón Auðunn Sigurjónsson  
 pípulagningameistari  
 Auðnukór 3 - 203 Kópavogur  
 GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is



# Útgáfunefnd 100 ára afmælisrits FP



Árið 2028 verður FP 100 ára. Ákveðið hefur verið að félagið gefi út veglega bók með sögu Félags pípulagningameistara á þessum merku tímamótum. Það er álit stjórnarmanna FP að félagið eigi það inni hjá félagsmönnum að saga þess verði skráð. Félagið býr að því að innan raða þess eru ennþá heldri menn sem þekka vel til sögu og þróunar félagsins í gegnum áratugin, en því miður eru margir farnir á fund forferða sinna.

Nefnd um útgáfu bókar í tilefni 100 ára afmælis Félags pípulagningameistara hefur verið sett á laggirnar, en hana skipa, talið frá vinstri við borðið: Hilmar Hjartarson frá Sögu- og minjanevnd FP, Kári Samúelsson, gjaldkeri FP, Þorgeir Kristófersson frá Sögu- og minjanevnd FP, Guðjón Smári ritstjóri Fréttapíps og Bóðvar Ingi Guðbjartsson formaður FP, en hann fórnaði sér í að taka myndina og er því ekki á henni. Hefur nefndin þegar tekið til starfa og haldið tvo fundi.

## Snjallvæðing í mælum Veitna

Peir voru glæðbeittir og hressir, Veitumennirnir þrír, sem ljósmyndari Fréttapíps hittir fyrir í margunkaffinu hjá Vatni & Veitum á dögum. Peir eru búnir að vera á sprettinum vítt og breytt um borgina að skipta út gömlum, úr sér gngnum mælum, fyrir nýja snjallmæla. Svo snjalla mæla að þeir kjafta frá öllu, beint til Veitna, um allt sem fram fer í lagnakerfi viðkomandi húsa. En þetta er nú líka þægilegt og huggulegt; þarf ekki lengur að lesa af neinu, allt gerist rafrænt og sjálfrænt.

Aðspurðir segjast þeir félagar vera eitt af mörgum gengjum sem vinna við mælaskiptin, hafa verið að í tæplega eitt og hálf ár. Og segjast reikna með að verða eitt og hálf til tvö ár í viðbót áður en mælaskiptin klárast.

Á stærri myndinni eru þeir kappar alveg eldhressir: Til vinstri er Víðir Þór Guðnason, pípulagningamaður og til hægri er Hafsteinn Nielsson, pípulagningameistari, sem hækkaði sig örlítið í tign fyrir myndatökuna. Á minni myndinni er Björn Ananíasson, aðstoðarmaður, sposkur á svip.



### VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA

**Vatnshitablásarar**

- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrórum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðlátir

**SABIANA**

**VARMA & VÉLAVERK EHF.**  
Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071  
vov@vov.is www.vov.is

## Hágæða vinnuföt fyrir alla

**mikið úrval**  
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Barna og unglingsföt  
2-14 ára, stærðir 98-164

Mikið úrval af öryggisvörum

**Snickers** vinnuföt fást einnig í **BYSSO**

**HILTI**  
Verkfæri og festingar  
Opn: 8-18 vika daga - 10-12 laugardaga  
(júní - ágúst er lokað á laugardögum)

HAGI ehf. • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414 3700 • hagi@hagi.is • hagi.is • HagI ehf HILTI



**IDAN**  
fræðslusetur

**ÁHUGAVERÐ  
NÁMSKEIÐ**

## Plastsuða – Pípulagningamenn

Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn, lagnamenn og aðra sem vinna með plast í sinni vinnu. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við platsuðu. Fjallað er um plastlagnir almennt, farið er í efnisfræði plastlagnaefnis, undirbúning lagnavinnu og útfærslu hennar. Ítarlega er fjallað um samsetningaráðferðir lagna, viðgerðir og yfirborðsmeðhöndlun. Á námskeiðinu er unnið með spegilsuðu, múffu- og extruderingsuðu (þrádsuðu) og skýrslugerð varðandi platsuðu. Ennfremur er fjallað um HACCP matvælaeftirlitkerfið og hlutverk þess. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt.

Þriðjud. 06.02.2024 09:00-15:00 og miðv.d. 07.02.2024 09:00-15:00  
IDAN fræðslusetur, Vatnagöðum 20.



# Vatn & Veitur bjóða grillaða Bumbuborgara



## Vatn & Veitur með umboð fyrir SnapDrill


Vatn & Veitur buðu til grillveislu síðsumars 2023 þar sem boðið var upp á frábæra „Bumbuborgara“ með tilheyrandi meðlæti og drykkjarföngum. Grillið byrjaði stundvíslega kl. 11:30 og stóð til kl. 14:00. Að venju létu fagmenn sig ekki vanta og var biðröð við hamborgaravagninn allan tímann. Myndirnar hér að ofan eru frá samkomunni. Vatn & Veitur notuðu tækifærið og kynntu nýtt umboð: **SnapDrill tækinina**. Sölustjórann frá Snapdrill kom til landsins og var á svæðinu til að sýna mönnum réttu handtökin við notkun á SnapDrill tækninni. Eins og sjá má á myndunum hér að neðan vakti þessi einstaka tækni mikla athygli fagfólksins á staðnum, sem fylgdist gaumgæfilega með handbrögðum sölustjórans frá SnapDrill. [vatnogveitur.is](https://www.snapdrill.no/?lang=en) og [hlekkur á heimasíðu fyrir nánari upplýsingar](https://www.snapdrill.no/?lang=en) - <https://www.snapdrill.no/?lang=en>



mora

INXX II

Glæsilegasta lína okkar til þessa.



LASTING  
WATER  
EXPERIENCE  
moraarmatur.com



INXX II  
Brushed brass






# Fálkinn - Ísmar - Iðnvélar saman á Dalbraut 10-14 Kópavogi



Ljúfír tónar og glaðlegt bros og elskulegt viðmót Gunnars Sverrissonar, forstjóra, (á myndinni t.v.) tók á móti gestum sem komu á Dalveg 10-14 í Kópavogi. Þar eru sameinuð fyrirtækin Fálkinn, Ísmar og Iðnvélar. Verið var að fagna með vöskiptavinum og starfsfólki, formlegri opnun og sameiningu fyrirtækjanna á einn stað. Saman mynda þessi þrjú fyrirtæki afar öflugt þjónustu- og tæknifyrirtæki með sérhæfingu í vélahlutum, véltæknivörum, raftæknivörum og hátæknivörum. Fyrirtækið rekur nú verslun og þjónustuverkstæði undir einu þaki að Dalvegi 10-14 í Reykjavík.



**SABIANA**



**Hitablásarar með sterkt element úr stáli sem þolir hitaveituvatn.**

SABIANA Helios hitablásarar, 7-40 kW.  
Vnr. 29500913-25

**BYKO**

## NIÐURFÖLL

Sundlaugar - Bílplön - Iðnaðarplön



**Nicoll**

**Sterkt  
Létt  
Þægilegt  
Góð hönnun  
Þolir mikið frost**



**LOFT & RAFTÆKI**

Hjallabrekku 1 Dalbrekkumegin 200 Kópavogi  
S: 5643000 - www.loft.is



# Góðar gjafir til pípudeildar Borgarholtsskóla



## Góðar gjafir frá Byko

Starfsmenn Byko komu færandi hendi í heimsókn í pípulagnadeild Borgarholtsskóla á dögnum. Færðu þeir skólanum að gjöf upphengjanleg salerni og allan búnað sem þarf til að setja tækin upp og tengja. Einnig gaf fyrirtækið skólanum blöndunartæki og annan tengdan búnað. Árni Kvaran og Guðjón Grétar Daníelsson mættu fyrir hönd Byko, en Ársæll skólameistari og Skarphéðinn, deildarstjóri pípulagna, veittu gjöfinni viðtöku. Ársæll ítrekaði mikilvægi samstarfs og samvinnu atvinnulífs og skóla og minnti á markmið beggja aðila: að efla vönduð vinnubrögð og fagmennsku sem mest og best í iðngreininni.



## Rausnarleg gjöf frá TENGI

Borgarholtsskóli fékk góðar gjafir frá Tengi ehf., svokallað „Quick and easy“ kerfi, sem er það nýjasta í pípulögnum í dag. Kerfið samanstendur af rörum, tengiboxum og tengidósum og er frábrugðið eldri lagnakerfum að því leiti að ídráttarrör eru sett í vegg og gólf fyrirfram og hinar eiginlegu vatnsleiðslur eru síðan dregnar í á síðari stigum byggingarframkvæmda. Ársæll Guðmundsson skólameistari og Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri pípulagnadeildar, tóku við gjöfunum úr hendi Arnars Árnasonar og Björns Ágústssonar frá Tengi ehf..



## Funheit gjöf frá Vatnsvirkjanum

Vatnsvirkinn ehf. hefur fært pípudeild Borgarholtsskóla að gjöf ofna, lokahús, hitastilla, stillití og ýmsan annan tæknibúnað fyrir gólfhitakerfi. Mun gjöfin nýtast nemendum afar vel í ýmsum áföngum. Jafnframt hefur fyrirtækið boðið til að gefa skólanum ýmsan búnað sem notaður er við lagningu neysluvatnskerfa. Það voru þeir Guðni Vilberg Baldursson, framkvæmdastjóri og Guðlaugur Garðar Lárusson, sölumaður ofna sem afhentu gjöfina. Avenju voru það Ársæll Guðmundsson, skólameistari og Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri pípudeildar veittu henni viðtöku. Í þakkarávarpi sínu nefndi Ársæll meðal annars að sú samvinna sem komist hefði á milli skólans og atvinnulífsins á sviði pípulagna væri einstök og mikilvæg fyrir greinina og óskaði þess að slík samvinna næðist á fleiri fagsviðum.

Starfsfólk Innréttinga & tækja afhenti höfðinglega gjöf. Þau komu færandi hendi á Bæjarflöt 19 með handlaugar, eldhúsvaska, innbyggð salerni og blöndunartæki frá Fima Therm. Tekið var á móti gjöfinni í nýinnréttuðu húsnæði pípudeildar Borgarholtsskóla. Innréttingum og tækjum er þakkað innilega fyrir rausnarlega gjöf. Íris Jensen og Philip Grétarsson afhentu tækin sem Ársæll Guðmundsson, skólameistari og Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri pípulagnadeildar veittu móttöku.



## Góð gjöf frá Innréttingum og tækjum

Pípudeild Borgó fékk að gjöf tæki frá Ísleifi. Innbyggða salerniskassa frá TECE og skálar frá Duravit. Einnig handlaugar ásamt blöndunartækjum og blöndunartæki fyrir sturtu ásamt sturtustöngum.

Haukur Bjarnason og Aldís Arna Einarsdóttir afhentu gjafirnar en Ársæll Guðmundsson skólameistari og Skarphéðinn Skarphéðinsson deildarstjóri veittu þeim viðtöku fyrir hönd skólans. Ísleifi eru færðar bestu þakkar fyrir veglegar gjafir.



## Veglegar gjafir frá Ísleifi

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fölgín í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveituglagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum. Brunnarnir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm. ATH. Hægt er að fá upphækkunar á alla brunna.

Fást í byggingavörverslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com

© Sæplast er skrásett vörumerki í eigu RPC GROUP

VATN & VEITUR

Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípulagnir

Smiðjuvegi 68-72  
200 Kópavogi  
Sími 575 9300

vatnogveitur.is  
vatnogveitur@vatnogveitur.is





T.v. Arni B. Kvaran, framkv.stj. BYKO Lagnaðeildar, styrktaraðili FP á Euroskills og Kristófer Kárason, keppandi. Mynd t.h. Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, Gunnar Sigurjónsson, pípul.meistari, hjálrfari Kristófers og Kristófer sjálfur.

# Euroskills 2023 í Gdansk

3. September s.l. var haldið til Gdansk í Póllandi til að taka þátt í Euroskills keppninni. Frá Íslandi fóru 11 keppendur í jafnmörgum greinum, ásamt fylgdarliði. Íslandi keppti í matreiðslu, framreiðslu, bakstri, kjötiðni, hársnyrtingu, grafískri miðlun, húsarafmagni, iðnaðarrafmagni, rafeindavirkjun, smíði og pípulögnum.

Fyrir okkar hönd fór Kristófer Daði Kárason sem starfar hjá Pípulögnum Samúels og Kára. Það var ljóst fyrir keppnina að hún myndi reyna á, verkefnið var stórt og tíminn til að vinna það stuttur. Keppnin var haldin í Póllandi að þessu sinni og þeir höfðu fengið styttri tíma í undirbúning fyrir keppnina en venjulega þar sem ýmis áföll hafa komið í veg fyrir að keppnið hafi farið fram seinustu ár. Árið 2020 átti keppnin að vera haldin í Graz í Austurríki en var blásin af vegna Covid og 2022 átti keppnin að fara fram í Sankti Pétursborg og sú keppni var blásin af vegna stríðsins í Úkraínu.

Þegar á keppnisstað var komið varð ljóst að ýmislegt sem átti að vera klárt var alls ekki klárt og fengum við að reyna það í keppninni.

Keppnin var sett þannig upp að verkefninu sem lá fyrir var skipt í nokkra þætti og gefinn ákveðinn tími til að ljúka hverjum verkþætti. Til dæmis: hitakerfi, 9 klukkutímar og gas, 2 klukkutímar.

Kristófer stóð sig vel þrátt fyrir miklar áskoranir á fyrsta keppnisdegi þar sem heimamenn höfðu átt að smíða kistur til að tengja við en þær voru svo illa smíðaðar að þær hreinlega duttu í sundur þegar reynt var að tengja við þær. Þetta var hörð keppni og keppandinn frá Ungverjalandi stóð uppi sem sigurvegari. Við komum þreyttir og sælir heim með reynslubankareikninginn úttroðinn. Vinnudagarnir voru langir og mér telst til að vinna mín sem dómara í keppninni hafi talið 90 klukkustundir á einni viku.

Við náðum okkur í góða reynslu í þessari ferð og erum þegar byrjaðir að leggja drög að þjálfun næsta keppanda fyrir keppnina í Herning í Danmörku 2025.

Gunnar Sigurjónsson, pípulagningameistari.

## NEPU í Helsinki 23.-28. ág. 2023

Félag pípulagningameistara átti fulltrúa á ráðstefnu samtaka rafverktaka og pípulagningameistara sem haldin var í Helsinki í ágúst. Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara og Gunnar Sigurjónsson fóru fyrir hönd félagsins, ásamt Kristjáni D Sigurbergssyni viðskiptastjóra FP hjá Samtökum iðnaðarins.

Ýmis umfjöllunarefni lágu fyrir fundinum og var meðal annars rætt um breytingar á hitakerfum í kjölfar orkukrísu í Finnlandi, notkun sólarorku til raforkuframleiðslu í Noregi. Nýjungar í tæknibúnaði hjá Svíum og efnisöflun og afhendingaröryggi í Danmörku. SART fjallaði um menntun og endurmenntun rafvirkja á Íslandi og FP var með erindi um tæknikunnáttu iðnaðarmanna og söluaðila. Ástæða erindisins var helst fregnir af þekkingarskortri fagaðila og söluaðila varðandi varmadælur en þær eru í mikilli sókn um þessar mundir. Við höfum fengið að heyra að það sé ekki alltaf hægt að treysta á að ráðgjöf til viðskiptavina sé í lagi og er þar bæði átt við iðnaðarmenn og sölumenn búnaðarins. Þetta er alþjóðlegt vandamál og nú þarf að finna einhverja lausn á þessu máli. Við fengum fyrirlestur um öryggismál og það fór fram talsverð umræða um netöryggismál. Einnig var fjallað um varnir Finna gagnvart Rússum á landamærunum en líka í netheimum. STUL, finnsku rafverktakasamtökin fögnuðu 90 ára afmæli og buðu ráðstefnugestum til veglegrar veislu af því tilefni.

Gunnar Sigurjónsson, pípulagningameistari.

**NÝTT!**

### BOS GEYMSLUGÁMAR OG SKEMMUR

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi. Léttir og fljótlegir í uppsetningu, tveir menn 5 mínútur. 10 ára ábyrgð á gámunum gegn tæringu. Auðveld uppsetning – engin þörf á verkfærum. Sýningargámar á staðnum. Þýsk gæðavara. Þjódum einnig vöruskemmur af ýmsum stærðum frá BOS.

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar ehf. vörubanki og gámunumarkaður  
STOLPI CONTAINERS

**Stólpi Gámar**

GÁMASALA- & LEIGA - Öseyrarbraut 12 - 220 Hafnarfirði - Sími 568 0100 - www.stolpigamar.is



Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi  
Bolafæti 1 Reykjanesbæ



# Ný sviðsmynd nú kallar á nýja nálgun í hitun húsa

Við búum hér á landi við þau miklu forrétindi að geta notast við jarðvarma við upphitun húsa. Ákvörðun um að ráðast í þetta mikla verkefni var á sínum tíma addáunarverð og gjörbreytti lífsgæðum almennings. Með tímanum höfum við þó orðið góðu vön og þykir stöðugur aðgangur að jarðvarma þar sem hann er til staðar orðinn sjálfsagður.

Yfirstandandi jarðhræringar á Reykjanesinu og sviðsmyndir sem ógnað hafa rekstri orkuverastans á Svartsengi hafa þó vakið fjölmarga pípulagningameistarans til umhugsunar um hvernig við hönnum lagnakerfi, enda sér Svartsengi yfir 12.000 heimilum og atvinnurekendum á Reykjanesinu fyrir húshitun.

Sviðsmyndin er snýr að hitun húsa hefur tekið á sig aðra mynd og kallar á endurhugsun á því hvernig við hönnum og setjum upp lagnakerfa í mannvirkjum sem nýta jarðvarma til upphitunar. Taka þarf með í reikninginn að orkuverin geta lent í vanda eins og raungerðist á Reykjanesinu. Jarðhræringar tóku lagnir í sundur og reynt er að verja orkuverid með varnargörðum fyrir mögulegu eldgosi sem ógnað getur starfsemi.

Með lítilli fyrirhöfn þarf að vera hægt að koma í veg fyrir að lagnir húsæða frostsprungi enda veldur slíkt gríðarlegu tjóni á mannvirkjum. Tækjarými framtíðarinnar í mannvirkjum ættu því að vera þannig útbúið að hægt verði að tengja við þau rafmagnsæða gashitakúta, olíu eða sambærilega með lítilli fyrirhöfn. Allar lagnir ættu að vera á lokuðum kerfum með frostlegi vegna þess að þegar hitastig utandyra fer niður fyrir frostmark mun það ná til lagnakerfa á skömmum tíma. Vatnið hefur þann eiginleika að þegar það byrjar að frjósa þenst það út og lagnir og ofnar verða fyrir frostskeiddum.

Tækjarými framtíðarinnar þurfa að taka mið af þessu og þurfa að vera þannig útbúið að hægt verði með lítilli fyrirhöfn að breyta um orkugjafa ef orkuverin lenda í vanda eins og fyrr segir. Slíkt kallar á breytta hitamenningu okkar sem starfa við pípulagnir ásamt hönnuðum lagnakerfa og vissulega aðkomu stjórnvalda við endurskoðun regluverks.

Árið 2003 gaf Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins út RB blað um vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitulagnir á dreifbýli sem vert væri að endurskoða í ljósi stöðunnar en taka mætti mið af þeim upplýsingum sem þar koma fram til að koma í veg fyrir vatnstjón. Félag pípulagningameistarans hefur einnig unnið einfaldar leiðbeiningar fyrir neytendur um hvernig hægt er að koma í veg fyrir vatnstjón sem finna má á heimasíðu félagsins.

Félag pípulagningameistarans vill leggja sitt af mörkum við endurskoðun á þessu verklagi enda kallar ný sviðsmynd á nýja nálgun.

**Böðvar Ingi Guðbjartsson,**  
formaður Félags pípulagningameistarans.

(Greinin birtist  
áður 12. janúar  
s.l. á vísu.is).



Hér sést mynd af  
leiðbeiningablaði  
Félags pípulagningameistarans  
fyrir neytendur  
um hvernig koma  
má í veg fyrir  
vatnstjón.



# Lifraen hreinsun skólps

**ANAEROBIX HREINSIVIRKI**  
með síu yfir 90% hreinsun

**ONE2CLEAN HREINSIÐÖD**  
allt að 99% hreinsun



- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafræn vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þræglægar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill

- Mikio pláss fyrir seyru
- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn



**HVAMMSHÓLAR**

SIGURÐUR VIGGÓ HALDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

# KLÆDDU ÞIG VEL!



**PEYSUR**

**JAKKAR**

**ÚLPUR**

**BUXUR**

**SKÓR**



**WORKWEAR.IS**

**WORKWEAR.IS**





**HVER SEM  
HUGMYNDIN  
ER, ÞÁ GERUM  
VIÐ ÞETTA SAMAN**

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN



**Tengigrindur** af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **lokuð hitakerfi** híbýla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, **gólfhita**, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

ENGINEERING  
TOMORROW

*Danfoss*



**FÁLKINN Í SMAN  
TÖNVEIÐAR**

CALLING 2044 | 801 8000000 | SÍMILÍN MED  
FALSKAMMUNDIR | TÖNVEIÐAR



TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN  
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

Kynntu þér málið á [birta.is](http://birta.is)

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | [birta.is](http://birta.is)

**BIRTA**  
LÍFEYRISJÓÐUR

## STOÐ OG STYTТА HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er  
yðar hagur  
að skipta við  
fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – [www.pallaleiga.is](http://www.pallaleiga.is) – Netf. [pallaleiga@pallaleiga.is](mailto:pallaleiga@pallaleiga.is)

**STOÐ**  
PALLALEIGA